



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 39. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

### 3. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2024, þann 1. febrúar kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Halldóra Hjörleifsdóttir í forföllum Alexöndru Rósar Jóhannesdóttur. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdu við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

- Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 11. fundar frá 15. janúar 2024.**  
Lögð fram fundargerð 11. fundar Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar en þær tillögur sem barna koma fram varðandi innréttingu á nýjum tækjasal verða skoðaðar vel núna þegar hönnun á nýjum líkamsræktarsal í íþróttahúsinu er farin af stað.*

- Samráðshópur um málefni aldraðra í Hrunamannahreppi: Fundargerð 4. fundar frá 23. janúar 2024.**

Lögð fram fundargerð 4. fundar Samráðshóps um málefni aldraðra í Hrunamannahreppi.

*Varðandi lið 4 Öldungaráð uppsveita og Flóa vill sveitarstjórn koma á framfæri að væntanlega styttist í að fyrsti fundur öldungaráðs verði boðaður en það verkefni er í höndum Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.*

*Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.*

- Skólanefnd: Fundargerð 9. fundar frá 22. janúar 2024.**

Lögð fram fundargerð 9. fundar Skólanefndar. Á fundinum var eitt mál til umræðu; erindi frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi varðandi ósk um breytingu á núverandi samningi um skólagöngu nemenda frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi í Flúðaskóla. Erindið felst í því að ekki verði sendir fleiri árgangar til náms á elsta stigi Flúðaskóla. Erindinu var vísað til umsagnar í skólanefnd á fundi sveitarstjórnar Hrunamannahrepps þann 7. desember s.l.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram og samþykkt samhljóða af sveitarstjórn Hrunamannahrepps:

*Sveitarstjórn vill í upphafi taka fram að ljóst er að hér er ekki verið að ræða um breytingu á samningi heldur má miklu frekar túlka erindi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps sem uppsögn á gildandi samningi enda ljóst að samstarfi sveitarfélaganna um skólagöngu barna úr Skeiða- og Gnúpverjahreppi í Flúðaskóla er að ljúka.*

*Sveitarstjórn tekur undir sjónarmið skólanefndar sem mælir ekki með því að samið verði um styttri uppsagnartíma heldur en samningurinn kveður á um og telur bæði kennslufræðileg og rekstrarleg skilyrði mæla með lengri aðdraganda og aðlögun að jafn stórrri ákvörðun og hér um ræðir. Án vafa er það líka þess*

*SKH*

*DGS*

*AS*  
*BG*

*BV*

*vegna sem samningur milli aðila er settur upp með þeim hætti sem gert hefur verið í þessu tilfelli.*

*Sveitarstjórnir Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Hrunamannahrepps hafa fundað þar sem þetta mál var til umræðu og mögulegar lausnir ræddar vegna þeirrar ákvörðunar sem sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur tekið.*

*Í framhaldi af þeim umræðum samþykkir sveitarstjórn samhljóða að ekki verði orðið við ósk sveitarstjórnar Skeiða-og Gnúpverjahrepps.*

*Ef nýr árgangur kemur ekki í Flúðaskóla haustið 2024 er ljóst að semja þarf um kostnaðarpáttöku Skeiða- og Gnúpverjahrepps í rekstri Flúðaskóla fyrir skólaárið 2024-2025 í samræmi við ákvæði samnings sem í gildi er á milli sveitarfélaganna. Sveitarstjórn samþykkir því samhljóða að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna þessa. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að þeir árgangar sem þegar hafa hafið nám í Flúðaskóla geti klárað sína grunnskólagöngu hér á grundvelli gildandi samkomulags þrátt fyrir að fleiri árgangar komi ekki í skólann.*

*Að lokum vill sveitarstjórn þakka fyrir virkilega gott og gjöfult samstarf sveitarfélaganna tveggja á sviði skólamála í rúmlega hálfu öld. Samstarfið hefur án vafa myndað tengsl á milli íbúa þessara tveggja sveitarfélaga sem annars hefðu mögulega ekki orðið til og fyrir það ber að þakka.*

**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:**

**4. Fundargerð 273. fundar skipulagsnefndar frá 31. janúar 2024 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. janúar sl.**

Lögð fram fundargerð 273. fundar skipulagsnefndar frá 31. janúar sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. janúar sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

**Mál nr. 22. Efra-Sel golfvöllur: Efra-Sel golfvöllur2; Stofnun lóðar**

Lögð er fram umsókn um stofnun lóðar Efra-Sels golfvöllur 2 úr landi Efra-Sels Golfvöllur. Um er að ræða 13.418,7 fm lóð sem gert er ráð fyrir að muni sameinast landi Sunnuhlíðar spildu L211195.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrilliggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stofnun lóðarinnar skv. fyrilliggjandi umsókn.*

Hér vék Bjarney Vignisdóttir af fundi:

**Mál nr. 23. Auðsholt 6 (áður 2 land); Auðsholt 2; Stækkun**

Lögð er fram umsókn er varðar stofnun 96.427 fm landeignar úr Auðsholti 2 166717. Landið er á jaðri landsins Auðsholt 2 og liggur að samþykktum mörkum Auðsholts 1 L166716 og Auðsholts 3 L166718, milli punkta 11 og 15. Þau mörk koma fram á samþykktu mæliblaði dags. 01.07.2023. Landeignin liggur einnig að samþykktum mörkum Auðsholts 2 land (Auðsholt 6) L178467, samþykkt dsk. þ. 04.07.2001, skráð 1.150 m<sup>2</sup> en mæld stærð er 1.152 m<sup>2</sup>.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrilliggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið með fyrirvara um uppfært lóðablað.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stofnun lóðarinnar skv. fyrilliggjandi umsókn með fyrirvara um uppfært lóðablað.*

Hér tók Bjarney Vignisdóttir aftur sæti á fundinum.

**Mál nr. 24. Gröf og Laxárhlið: Víðihlíð 1-15 og Reynihlíð 3; Deiliskipulagsbreyting**

Lögð er fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi Grafar og Laxárhliðar á reit M2 sem telst til landnotkunar miðsvæðis innan þéttbýlisins að Flúðum. Breytingin varðar lóðir Víðihlíðar 1-15 og Reynihlíðar 3. Í breytingunni felst sameining 7 lóða í 2 lóðir. Núverandi landnotkun lóðanna samkvæmt deiliskipulagi gera ráð fyrir verslunar- og þjónustuhúsum á tveimur hæðum með heimild fyrir íbúðum á efri hæð. Fjölbýlishúsum á tveimur hæðum, einbýlishúsum á einni hæð og raðhúsi á einni hæð. Eftir breytingu er gert ráð fyrir að eftir standi heimild fyrir uppbyggingu á verslunar- og þjónustuhúsum og 2-3 hæðum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að viðkomandi breyting á deiliskipulagi svæðisins verði samþykkt með fyrirvara um lagfærð gögn. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins með fyrirvara um lagfærð gögn. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi.*

**Mál nr. 28. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. janúar sl.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. janúar sl.

**5. Fagnefnd Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings: Fundargerð 2. fundar frá 9. janúar 2024.**

**-Ásamt erindisbréfi fagnefndar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.**

Lögð fram fundargerð 2. fundar fagnefndar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings ásamt erindisbréfi fagnefndar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða erindisbréf fagnefndar Skóla og velferðarþjónustunnar en leggur að öðru leyti fundargerðina fram til kynningar.*

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

**6. SASS: Fundargerð 605. fundar stjórnar frá 12. janúar sl.**

Lögð fram fundargerð 605. fundar stjórnar SASS.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**7. Bergrisinn bs.: Fundargerð 65. stjórnarfundar frá 9. nóvember sl.**

Lögð fram fundargerð 65. stjórnarfundar Bergrisans bs.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**8. Bergrisinn bs.: Fundargerð 66. stjórnarfundar frá 20. nóvember sl.**

Lögð fram fundargerð 66. stjórnarfundar Bergrisans bs.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**9. Bergrisinn bs.: Fundargerð 67. stjórnarfundar frá 4. desember sl.**

Lögð fram fundargerð 67. stjórnarfundar Bergrisans bs.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**10. Bergrisinn bs.: Fundargerð 68. stjórnarfundar frá 18. desember sl.**

**- Ásamt reglum Bergrisans bs. um stoðþjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.**

Lögð fram fundargerð 68. stjórnarfundar Bergrisans bs.

*(Handwritten signatures)*

*Fundargerðin lögð fram til kynningar ásamt reglum um stoðbjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir sem samþykktar voru samhljóða.*

**Erindi til sveitarstjórnar:**

**11. Bréf frá Innviðaráðuneytinu frá 18. janúar 2024.**

Lagt fram bréf frá Innviðaráðuneytinu en innviðaráðuneytið er með til skoðunar í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga hvort tilefni sé til að leggja til breytingar á lögum þar sem fjallað yrði um gjöld sem sveitarfélög innheimta nú á einkaréttarlegum grundvelli vegna skipulagsmála og lóðaúthlutana. Óskað er eftir upplýsingum um hvernig álagning og innheimta gjalda er háttar hjá hverju sveitarfélagi.

*Lagt fram til kynningar en Hrunamannahreppur hefur aldrei innheimt innviðagjöld til viðbótar við gatnagerðargjöldin eins og einhver sveitarfélög hafa tiðkað.*

**12. Bréf frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu frá 15. janúar 2024.**

Lagt fram bréf frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu vegna undanþágu frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda vegna barnaverndarþjónustu á grundvelli 3. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. En sveitarfélögunum sem standa að Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings er veitt undanþága til 15. janúar 2025.

*Lagt fram til kynningar um leið og sveitarstjórn furðar sig á orðalagi í bréfinu sem gefur til kynna að á næsta ári verði gerð krafa um að samstarfs sé leitað í stærri umdæmum en sem telja 6.000 íbúa eins og krafan er um í dag. Sveitarstjórn telur að skilyrðislaust skuli horfa til fagþekkingar og reynslu starfsmanna á hverjum stað í stað þess að leggja um of áherslu á enn stærri svæði en nú er gert.*

**13. Umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi, rekstrarleyfi.**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar E&S 140 ehf. um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II – H Frístundahús í Móadal 8, 846 Flúðum. Fasteignanúmer 230-8820.

*Þar sem umræddur rekstur er ekki í samræmi við ákvæði í gildandi deiliskipulagi þá vísar sveitarstjórn erindinu til skipulagsfulltrúa til frekari vinnslu.*

**14. Bréf frá Persónuvernd frá 11. janúar 2024.**

Lagt fram bréf frá Persónuvernd um ákváðanir Persónuverndar um notkun Google Workspace for Education í grunnskólastarfi.

*Lagt fram til kynningar en Flúðaskóli hefur ekki nýtt sér Google Workspace í sínum störfum.*

**15. Bréf frá Braga Sigþórssyni og Guðrúnu Svövu Hlöðversdóttur frá 17. janúar 2024.**

Lagt fram bréf frá Braga og Guðrúnu Svövu vegna umsóknar um lóða á Flúðum.

*Sveitarstjórn sér sér ekki fært að verða við beiðninni þar sem umsóknin samræmist ekki reglum sveitarfélagsins um lóðaúthlutani.*

**16. Minnisblað varðandi hraðhleðslustöðvar við Hrunamannaveg 3 frá 29.1.2024.**

Lagt fram minnisblað sveitarstjóra varðandi hraðhleðslustöðvar við Hrunamannaveg 3 ásamt samningi við InstaVolt Iceland ehf um uppsetningu slíkra stöðva. Málið var áður á dagskrá fundar sveitarstjórnar Hrunamannahrepps þann 14. desember 2023. Í samningnum er gert ráð fyrir uppsetningu fjögurra hraðhleðslustöðva á lóðinni.

*Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða og felur sveitarstjóra að undirrita hann og vinna að framgangi málsins.*

**17. Minnisblað varðandi úthlutun lóða við Loðmundartanga frá 29. janúar 2024.**

Lagt fram minnisblað sveitarstjóra varðandi úthlutun lóða við Loðmundartanga. Um er að ræða lóðir fyrir 1x4 íbúða raðhús, 1x3 íbúða raðhús, 6 parhús og tvö einbýlishús eða 21 íbúð alls. Lóðirnar verða byggingahæfar í júlí/ágúst 2024.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að lóðirnar verði auglýstar lausar til úthlutunar í samræmi við reglur sveitarfélagsins um lóðaúthlutun.*

**18. Minnisblað varðandi skrifstofustjóra frá 29. janúar 2024.**

Lagt fram minnisblað varðandi ráðningu skrifstofustjóra en núverandi skrifstofustjóri hefur óskað eftir minna starfshlutfalli og breytingu á starfi vegna aldurs.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að staða skrifstofustjóra Hrunamannahrepps verði auglýst laus til umsóknar og felur sveitarstjóra að auglýsa stöðuna.*

**19. Minnisblað varðandi Hrunamannaveg 3 – bil 105 frá 29. janúar 2024.**

Lagt fram minnisblað varðandi Hrunamannaveg 3 – bil 105 en sveitarfélagið er með kauprétt á umræddu bili til loka árs 2024.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að ganga frá kaupum á húsnæðinu en sú ákvörðun er í fullu samræmi við samþykkta fjárhagsáætlun fyrir árið 2024. Kaupverðið er 20.852.000,- miðað við ákvæði í samningi um kauprétt. Sveitarstjóra er jafnframt falið að auglýsa umrætt húsnæði til leigu.*

**20. Bréf frá kjörnefnd Lánasjóðs sveitarfélaga frá 30. janúar 2024.**

Lagt fram Lánasjóði sveitarfélaga eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga.

*Lagt fram til kynningar.*

**Mál til kynningar:**

**21. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 941. fundar stjórnar frá 12.1.2024.**

Lagt fram til kynningar.

**22. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 68. fundar stjórnar frá 10. janúar 2024.**

Lagt fram til kynningar.

**23. Ársskýrsla Seyruverkefnisins 2023.**

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:04.

Dóði Geir Samuelsson  
Hauðða Högnleit

Þáskomug Vigniðsd  
Hildur Þóra Guðlaugsdóttir